

AUGLÝSING

um deiliskipulag og deiliskipulagsbreytingu í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Austurhlíð í Gnúpverjahreppi, deiliskipulag íbúðar- og frístundalóðar í Hörgshlíð.

Í deiliskipulaginu felst að reist verður íbúðarhús og frístundahús á lóðum til sérafnota innan lóðar sem er 14.252 m². Hámarksstærð íbúðarhúss er 250 m² og frístundahúss 120 m², hámarkshæð húsa er 6 m. Á lóðinni er fyrirhuguð trjárækt. Samþykkt í sveitarstjórn 11. apríl 2006.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir og deiliskipulagsbreytingar öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 30. júní 2006.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 17. júlí 2006